



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 27

Staðsetning fundar: Zoom

Dagsetning: 12.11.2020 kl. 15:00

Mætt eru: Þórhildur, Alexandra, Elísabet Sara, Bjarni, Olga, Ragnar, Kristjana, Sirrý, Ólafur

Fundarritari: Alexandra Kjeld

Stjórnarmeðlimir:

- Alexandra Kjeld (AK) – EFLA verkfræðistofa - alexandra.kjeld@efla.is
- Bjarni Þór Þórólfsson (BÞÞ) – Búseti – bjarni@buseti.is
- Kristjana Ósk Jónsdóttir (KÓJ) – Reitir fasteignafélag – kristjana@reitir.is
- Olga Árnadóttir (OÁ) – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is
- Ólafur Haralds Wallewik (ÓHW) – Rannsóknarstofa byggingariðnaðarins – olafurw@ru.is / olafur.w@nmi.is
- Ragnar Ómarsson (RÓM)– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
- Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB) – VSÓ ráðgjöf - sigridur@vso.is

Stjórnun og skipulagning fundar:

- Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir (ÞFK) – Framkvæmdastjóri Grænni byggðar – tk@graennibyggd.is
- Elísabet Sara Emilsdóttir (ESE) – Starfsmaður Grænni byggðar – sara@graennibyggd.is

Dagskrá fundar 12.11:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fréttir úr starfinu
3. Norræn samantekt – umhverfismál í byggingariðnaði
4. Fjármál – fjárhagsáætlun 2021
5. Forgangsmál 2021
6. Starfið næstu tvo mánuðina
7. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar, rýnd af RÓM, er samþykkt.



2. Fréttir úr starfinu

Búið að vera erilsamt í viðburðum, en allir vel heppnaðir og vel sóttir.

- Morgunfundur með Iceland SIF (Reginn Reitir og Reykjavíkurborg með erindi) – stóð upp úr. 120 skráðir og vel að fundinum staðið.
- Morgunfundur um loftslagsstefnu – aðilar ca 12
- Morgunfundur með IÐUNNI – um 90 manns (BYKO og ÞG verk) -
- Lífum Betur ráðstefnan – 800 miðar seldir. Mikið áhorf.
- Morgunfundur um Svansvottaðar endurbætur – (Reitir, THG arkitektar og UST) 100 áhugasamir
- Climate resilient Assets (WGBC og Dutch GBC webinar) 10. nóv

Framundan:

- 19. nóvember – morgunkaffi með Iðunni um Svansvottun íbúðarhúss – Finnur og Gísli
- **Norrænt webinar með GBC á Norðurlöndunum – febrúar/mars 2021?** ÞFK hafði samband við stjórnir og lagði til að þau myndu skipuleggja eitthvað saman, t.d. sameiginlegan fund í lok febrúar eða byrjun mars fyrir aðila GB. Allir voru jákvæðir og RÓM tekur þetta mál áfram.
- **Dagur Grænni byggðar – fimmtudaginn 29. apríl 2021**

Ræddar voru ýmsar hugmyndir að áherslum á Degi Grænnar byggðar 2021. Bundið kolefni, Covid og tækifæri, aðgerðir fjármálageirans (fá Arion eða Íslandsbanka?), aðgerðaráætlun ríkisins í loftslagsmálum, vistvænar byggingar í samhengi við heilsu og vellíðan fólks o.fl. Síðastnefndi liðurinn gæti einnig haft breiðari skírskotun og náð til stærri markhóps. ÓW leggur til að áhersla verði á hvata: Incentives - fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir.

Staða á verkefnum:

- Umsóknir
 - Verið að sækja um styrk í loftslagssjóð um NúllCO2 byggingu í íslensku samhengi ásamt Arkitektafélagi Íslands.
 - Rekstrarstyrkur UAR – Sara klárar umsókn
 - Annað verður að bíða, t.d. CO2frí byggingarsvæði
- Verkefni í gangi
 - Loftgæði og leikskólar – langt komið klárast 2020
 - Senda greinargerðir til UAR (vegna rekstrarstyrks 2020 og verkefnastyrks fyrir Grænni rekstur fjölbýlishúsa)
 - HMS Norræn samantekt á stöðu umhverfismála í byggingariðnaði á Norðurlöndum– að klárast núna. – sjá næsta fundarlið

BREEAM samningur hefur verið undirskrifaður og komin eru fleiri gögn sem fara þarf yfir – Olga fer yfir með ÞFK.

[Fréttabréf Grænni byggðar](#) komið út – kom út október 2020.



ÞFK sagði frá kröftugu starfi HMS; [Byggjum grænni framtíð](#), vinna sem unnin er undir verkefnastjórn Þóru Margrétar Þorgeirsdóttur. Stofnaðir verða 6 verkefnahópar sem eiga að leggja til aðgerðir fyrir 1. mars 2021. Stefnt verður að því að leiðarvísirinn klárast fyrir lok maí 2021.

	1. Byggingarstigi	2. Framkvæmda-erindi	3. Notkun	4. Lok lífina
6. Málning og hlífsla <ul style="list-style-type: none">• Útvaling/valingur málningar• Umhverfismál• Eftir- og umritun• Hlutvegur við grænni húsi• Hlutvegur umhverfis• Fjárfesting• Gættu heilar	Vinnan byggjandi byggjandi <ul style="list-style-type: none">• Líffræðingur byggjandi• Umhverfismál/teknar• Gættu heilar• Endurskoðun og endurskipt byggjandi• Hlutvegur byggjandi• Gættu heilar	Orkuskipti <ul style="list-style-type: none">• Byggingarstigi• Endurskoðun• Hlutvegur byggjandi• Gættu heilar	Orkuskipti og styrking <ul style="list-style-type: none">• Umhverfismál/teknar• Væðing• Hlutvegur byggjandi• Endurskoðun• Hlutvegur byggjandi• Gættu heilar	Félakun og endurskipti byggjandi <ul style="list-style-type: none">• Endurskoðun• Hlutvegur byggjandi• Gættu heilar

3. Norræn samantekt – umhverfismál í byggingariðnaði

ESE sagði frá vinnu við norræna samantekt um umhverfismál í byggingariðnaði. Skoðuð er vinna norrænna stjórnvalda í fjórum löndum, SE, DK, FI, NO; þar sem fjallað er um

- stefna og losunarmarkmið stjórnvalda
- grænir hvatar
- umhverfissvottanir
- lífsferilsgreiningar
- byggingarúrgangur

Vegleg samantektarskýrsla sem nýtist væntanlega í vinnu HMS við leiðarvísi sem og alla aðila GB. Dæmi tekin um hvata í formi skattaafsláttar, sagt frá því að ekkert landanna búið að móta sér stefnu með notkun umhverfissvottana. SE ætlar að setja þá reglu að skila þurfi loftslagsyfirlýsingu fyrir hverja framkvæmd frá og með 2022. DK gerir eins en með annari nálgun, frá 2023. Flokkun byggingarúrgangs í 6 flokka er orðin skylda á verkstað í SE o.fl.

4. Fjármál – fjárhagsáætlun 2021

Farið var yfir fjárhagsáætlun 2021. Gert er ráð fyrir tæpum 16mkr í rekstrartekjum og tæpum 17mkr í kostnaði og gjöldum.

Styrkurinn frá Mannvirkjastofnun sem veittur var 2018 og hefur dugað fram til þessa árs hefur nú verið fullnýttur og mikilvægt er hér eftir að halda fókus á árinu 2021 í forgangsröðun vinnu og öflun tekna.

Nýr sjóður á næsta ári fellur undir HMS, möguleiki verður á að sækja styrk þaðan.



5. Forgangsmál 2021

Stefnumótun GB. Ræddar voru fáeinar tillögur og hugmyndir stjórnarmeðlima um stefnumál á næsta ári. Fundarmenn voru sammála að gott verður að sjá hvernig vinnu stjórnvalda miðar áfram á nýju ári, sem og að taka saman hugmyndir aðila, áður en að stefnan verður mótuð. Undirbúa þarf þessa vinnu strax á nýju ári, þ.e. aðkomu aðila að stefnumótun o.fl.

Dagur grænni byggðar – fram komu hugmyndir að efniviði í fyrri dagskrárlíð. Lagt var til að dagurinn yrði skipulagður með meiri aðkomu stjórnarmeðlima, t.d. með skipun nefndar, og fékk tillagan mikinn hljómgrunn fundarmanna.

Verðlaun Grænni byggðar. Ræddar voru tillögur um útfærslu verðlauna fyrir, t.d. fyrir byggingu ársins eða framtak ársins. Slík verðlaun gætu verið veitt af GB, HMS, FSR, SI? Myndi vekja athygli og verða til hvatningar.

Fram kom sú tillaga að lögð yrðu drög að fræðsludagskrá GB yfir árið, til að skerpa betur á sérstökum áhersluatriðum sem samtökin vilja styðja og leggja betur áherslu á.

Önnur mál: WGBC emerging aðildarumsókn, Verk og vit, Lífum betur? Breyting á lögum um aðild (4. flokkur, sbr. fundargerð frá 26. fundi GB), efla fjárhag félagsins og nýta auðlindir vel.

6. Starfið næstu tvo mánuðina

ÞFK frkv.stjóri fer í leyfi í 2 mán, 15. nóvember til 15. janúar 2021. Fyrir þann tíma stendur til að ljúka við eða komast langt með eftirfarandi vinnu:

- Fylgja verkefnum eftir, Sara fylgir eftir.
- Klára verkefni, t.d. loftgæði
- Ólafur frá 23. nóv með 3 vikna námskeið
- Senda umsóknir
- Drög að aðildastefnu

Næsti fundur undirbúinn og skipulagður af RÓM og ESE í desember. ÞFK óskað gleðilegra jóla og næsti fundur með henni verður í janúar.

7. Önnur mál

Engin fleiri mál voru rædd.